

S A M Þ Y K K T

175

22. nóv.

fyrir Framræslu- og áveitufélag Ölfusínga.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Ölfusínga.
Heimili þess og varnarþing er Ölfushreppur í Árnassýslu.

2. gr.

Félagið nær yfir effirtaldar jarðir í Ölfushreppi:

Undirheimar, Hraun I og II, Hraunshóll, Lágur, Hraunshjáleiga, Ytri-Grímslækur, Efri-Grímslækur, Hjalli, Lækur, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Hjallakrókur, Gerðakot, Bakki I og II, Riftún, Þóroddstaðir I og II, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I og II, Núpár I og II og III, Vötn, Þúfa, Kröggólfsstaðir, Litli-Saurbær, Stóri-Saurbær, Reykir, Reykjahjáleiga, Sogn, Gljúfurárholt I og II, Kotströnd, Mæri, Bakkárholtspartur, Bakkárholt I og II, Ingólfshvoll, Strýta, Grænhóll, Egilsstaðir, Arnarbæli, Krókur, Stöðlar, Nethamrar, Ósgerði, Auðsholtshjáleiga, Auðsholt, Vorsabær, Vellir, Kross, Öxnalækur, Botnsmýri.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast framkvæmd og starfrækslu framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr. og að koma í veg fyrir landspjöll af völdum Gljúfurholtsár (Sandár) og Varmár.
2. Að útvega nauðsynlegt fé, sem styrk og lán, til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, sem kosin er af aðalfundi til þriggja ára. Gengur einn maður úr stjórn á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og síðan í röð eftir starfsaldri ár hvert. Varamenn í stjórn eru kosnir á sama hátt og eftir sömu reglum, og einnig tveir endurskoðendur. Stjórnin kys sér formann og skiptir með sér verkum.

Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða og sér um, að öll störf stjórnarinnar séu af hendi leyst samkvæmt þeirri verkaskiptingu, sem stjórnin hefur gert með sér á hverjum tíma. Stjórnarnefndarmenn annast allar framkvæmdir fyrirtækisins og starfrækslur þess milli aðalfunda. Hún sér um, að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera. Heimilt er stjórninni að ráða eftirlitsmann með starfrækslu áveitunnar og viðhaldi hennar. Greiðslu fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara, með skriflegu fundarboði, sem gengur milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir apríl lok ár hvert. Aðalfundur er því aðeins lögmætur, að mættir séu á fundinum félagsmenn, er fara með $\frac{2}{3}$ af atkvæðum allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert býli samkvæmt 2. gr.

Nú mæta ekki svo margir, að fundur geti talizt lögmætur. Skal þá stjórn félagsins, innan hálf mánaðar, boða til nýs aðalfundar með skriflegu fundarboði, og er þá fundur lögmætur án tillits til þess, hvað margir félagsmenn mæta.

175 Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er
22. nóv. kosin stjórn og tveir endurskoðendur og rædd þau mál, er félagið varða. Aukafund má halda, þegar félagsstjórnin eða meira en helmingur félagsmanna telur þess þörf, og hafa sent skriflega beiðni um það til félagsstjórnar.

6. gr.

Á kostnað félagsins skal gera alla aðaláveitu- og framræsluskurði og nauðsynlegar stíflur í þá, svo og alla aðalflóðgarða, sem nauðsynlegir eru að áliti jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands og stjórnar félagsins. Einnig brúar félagið á sinn kostnað skurði þá, sem félagið lætur gera, og leggur til efni til viðhalds brúa, sem eru 3 metrar á lengd og þar yfir. Þetta nær þó ekki til opinberra vega.

Enn fremur skal á kostnað félagsins gera þau mannvirki, sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á Varmá og Sandá, til að fyrirbyggja landspjöll á engjalöndum af völdum ána. Framkvæmdum og fyrirkomulagi skal haga samkvæmt áætlunum og uppdráttum jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands, dags. 3. febrúar 1937, og þeim viðaukum eða breytingum, sem af Búnaðarfélagi Íslands síðar kunna að verða gerðar.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem í 4. og 6. grein er getið, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvember ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu. Hæfilegt tillit skal þó taka til þess, ef einhver af jörðunum hefur sérstöðu gagnvart afnotum verksins, og fer um það eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

8. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, er það hefur með höndum, og setja til tryggingar lánsfénu eða ábyrgð þeirri, sem þurfa kann vegna lánsins, veðrétt í býlum þeim, sem talin eru í 2. gr. Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem greiða að fullu kostnað sinn, jafnhliða því sem verkið er framkvæmt, eða setja aðra tryggingu, sem félagsstjórnin metur gilda. Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, sem félagið tekur. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

9. gr.

Á hverju vori skal byrja að veita vatni á, svo fljótt sem stjórn áveitufélagsins telur fært.

Umsjónarmaður ræður, hvernig vatninu er skipt milli jarðanna á áveitusvæðinu, en skal kappkosta að haga vatnsveitunum þannig, að jöfnust verði not áveitunnar um allt áveitusvæðið.

Á haustin og á veturnum skal veita á eftir því sem stjórn áveitufélagsins ákveður, en þó einungis á þau áveitusvæði, þar sem meiri hluti búenda óskar eftir áveitu.

10. gr.

Enginn má án vitundar og samþykkis umsjónarmanns setja stíflur í vatnsfarvegi þá, sem félagið hefur kostað, né taka stíflur úr þeim, né breyta slíkum stíflum og ekki heldur gera neina röskun á hliðargörðum, flóðgáttarlokum né öðrum mannvirkjum meðfram vatnsfarvegum, sem getur haft áhrif á rennsli vatnsins í farvegnum eða áhrif á það, hve mikið vatn rennur út úr farveginum.

11. gr.

Sérhver bóndi er skyldugur til að leggja til eftir ákvæðum umsjónarmanns þá vinnu, sem útheimtist til þess að setja í eða taka úr stíflur, svo sem þarf til þess

að veita vatninu úr vatnsfarvegi áveitufélagsins inn á land búanda eða til að minnka eða stöðva það rennsli. 175
22. nóv.

12. gr.

Umsjónarmaður annast viðhald áveitunnar þannig, að hann lætur svo fljótt sem við verður komið gera við allar smærri bilanir og þær bilanir, sem að hans áliti ekki þola bið, en til meiri háttar aðgerðar skal hann leita samþykkis félagsstjórnarinnar, ef tími vinnst til.

13. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum innan félags eða utan, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum. Skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður skal skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 200—2000 kr., ef ekki liggur þyngrri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins.

15. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögsmætum aðalfundi, ef $\frac{4}{5}$ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

16. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögsmætum aðalfundi og $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða séu með því, og samþykki stjórnarráðs fáið til félagsslita.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er samþykkt fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga nr. 62 3. maí 1939 úr gildi felld.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Jarðir	Einingar
Litli Ós	60
Stóri Ós	184
Saurar	34
Ytri-Reykir	33
Syðri-Reykir	33
Efri-Torfustaðir	13
Neðri-Torfustaðir	20
Urriðaá	6